



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

Haukur Tómasson
Kristinn Einarsson
Hákon Aðalsteinsson
Hörður Svavarsson

ENDURSKOÐUN VIRKJANA Á VESTFJÖRÐUM

OS-88035/VOD-05
Reykjavík, september 1988



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**Haukur Tómasson
Kristinn Einarsson
Hákon Aðalsteinsson
Hörður Svavarsson**

ENDURSKOÐUN VIRKJANA Á VESTFJÖRÐUM

OS-88035/VOD-05
Reykjavík, september 1988

ÁGRIP

Endurskoðun og endurreiknun virkjanahugmynda á Vestfjörðum, sem gerð hefur verið í virkjanalíkani Orkustofnunar, gefur eftirfarandi niðurstöður miðað við verðlag í desember 1987.

	MW	GWh/á	kr/kWh/á
Dynjandisvirkjun	13	66	12,5
Mjólká III	16	70	10,9
Vatnsfjarðarvirkjun	20	99	12,6
Skötufjarðarvirkjun	16	78	16,0
Skúfnavatnavirkjun	16	85	16,6
Hvalárvirkjun	44	218	14,4

Dynjandisvirkjun og Mjólká III útiloka hvor aðra, þar eð þær nýta sama vatn að hluta og sömu miðlun. Dynjandisvirkjun rekst auk þess mjög á friðun fossana í Dynjandisánni. Mjólká III gerir það aftur á móti ekki, þótt hún nýti afrennsli Stóra Eyjavatns, því að það vatnasvið er undanþegið í friðunarlögum Dynjandisár. Mjólká III er því mjög vænlegur kostur til framhaldsvirkjana á Vestfjörðum, og er hún væntanlega ódýrust að teknu tilliti til þegar skapaðrar aðstöðu í Mjólkársvirkjun. Í virkjanalíkaninu er hún reiknuð sem mismunur á núverandi virkjun reiknaðri í líkaninu og á virkjun sem nýtir vatn núverandi virkjunar að viðbættu veituvatni frá Stóra Eyjavatni og Hofsá. Þetta kostnaðarmat hefur í sér nokkra óvissu fram yfir það sem venjulega er í líkaninu en því má eyða með forhönnun virkjunarkostsins. Þessi aðferð til sam-
anburðar er sennilega Mjólká III hagstæð og er líklegt að hún sé í raun 10 - 15 % dýrari. Vatnsfjarðarvirkjun er einnig mjög álitlegur kostur. Aðrar virkjanir á Vestfjörðum eru lítt áhugaverðar að sinni vegna kostnaðar.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	2
1. INNGANGUR	7
1.1 Aðdragandi	7
1.2 Rennslisgögn	7
1.3 Önnur gögn	8
1.4 Umhverfismál	8
1.5 Fyrri áætlanir	8
2. ALMENN ATRIÐI UM VIRKJANIR	11
2.1 Virkjanalíkan	11
2.2 Aðstaða til virkjana á Vestfjörðum	11
3. LÝSING Á VIRKJUNARKOSTUM	15
3.1 Vatnsfjarðarvirkjun	15
3.2 Dynjandisvirkjun	16
3.3 Mjólkárveirvirkjun	16
3.4 Skötufjarðarvirkjun	22
3.5 Skúfnavatnavirkjun	28
3.6 Hvalárvirkjun	28
4. VATNAFRÆÐI	31
4.1 Vatnshæðarmælar	31
4.1.1 Flokkun og rekstur mæla	31
4.1.2 Mældar rennslisraðir	31
4.2 Veðurfar	32
4.2.1 Úrkoma	32
4.2.2 Hiti og varmamagn - gráðudagar	34
4.3 Vatnasvið og rennsliseinkenni	36
4.3.1 Dynjandi, 'Fjallfoss', vhm 19	36
4.3.2 Dynjandi, Litla-Eyjavatnsós, vhm 104	37
4.3.3 Dynjandi, Stóra-Eyjavatnsós, vhm 135	38
4.3.4 Mjólká, Mjólkárveirvirkjun, vhm 18	38
4.3.5 Mjólká, Langavatn, vhm 173	39
4.3.6 Skötufjarðará, vhm 202	39
4.3.7 Hundsá, vhm 199	39
4.3.8 Vatnsdalsá, vhm 204	39
4.3.9 Þverá, vhm 38	40
4.3.10 Hvalá, vhm 198	42
4.3.11 Afrennsli og hæð vatnasviða	42
4.4 Rennslislíkön	43
4.5 Mælt og reiknað rennsli	44
4.5.1 Dynjandi, 'Fjallfoss', vhm 19	44
4.5.2 Dynjandi, Litla-Eyjavatnsós, vhm 104	46
4.5.3 Dynjandi, Stóra-Eyjavatnsós, vhm 135	46
4.5.4 Mismunur rennslis við vhm 104 og vhm 135	49
4.5.5 Mjólká, Mjólkárveirvirkjun, vhm 18	50
4.5.6 Mjólká, Langavatn, vhm 173	51
4.5.7 Skötufjarðará, vhm 202	51

4.5.8	Hundsá, vhm 199	51
4.5.9	Vatnsdalsá, vhm 204	51
4.5.10	Þverá, vhm 38	51
4.5.11	Rennsli á veitu- og virkjunarstöðum	54
4.5.11.1	Vatnsfjarðarvirkjun	54
4.5.11.2	Dynjandisvirkjun	54
4.5.11.3	Mjólkárvirkjun	54
4.5.11.4	Skúfnavatnavirkjun	54
4.5.11.5	Skötufjarðarvirkjun	54
4.6	Helztu vatnafræðilegar niðurstöður	55
5.	UMHVERFISMÁL	64
5.1	Vatnsfjörður	64
5.2	Dynjandisvirkjun	64
5.3	Stækkun Mjólkárvirjunar	65
5.4	Skötufjarðarvirkjun	65
5.5	Skúfnavatnavirkjun	66
5.6	Hvalárvirkjun	66
6.	NIÐURSTÖÐUR	75
	RITA- OG HEIMILDASKRÁ	76

MYNDASKRÁ:

1 VESTFIRÐIR Staðsetning virkjana og virkjunarkosta	10
2 Ferli virkjanalíkans	12
3 Stöðvarháður kostnaður vatnsaflsstöðva	14
4 Vatnsfjarðarvirkjun	17
5 Dynjandisvirkjun	19
6 Stóra-Eyjavatn, miðlun	21
7 Mjólkár­virkjun III	23
8 Skötufjarðarvirkjun	25
9 Skúfnavatnavirkjun	27
10 Miðlunarlón við Skúfnavötn	28
11 Miðlunarlón við Vatnalautavatn	29
12 Hvalárvirkjun	30
13 Ársúr­koma í Kvígindisdal og í Æðey	32
14 Mánaðarúr­koma í Kvígindisdal 1950/85	33
15 Mánaðarúr­koma í Æðey 1954/85	34
16 Gráðudagar yfir 2 °C í Kvígindisdal	34
17 Gráðudagar yfir 4 °C í Kvígindisdal	35
18 Mánaðargildi gráðudaga yfir 2 °C í Kvígindisdal	35
19 Massalína afrennslis við vhm 38	40
20 Afrennslis móti meðalvatnasviðshæð	41
21 Ferill vatnasviðshæðar fyrir vhm 19	42
22 Ársrennslis við vhm 104/135 Litla-/Stóra-Eyjavatn	49
23 Meðalrennslis tímabila og meðalvatnsársrennslis vhm 104/135	50
24 - 37 Myndaröð af Dynjanda	67-73
37 Yfirlitskort (í vasa aftast)	

TÖFLUSKRÁ:

1 Eldri virkjunarhugmyndir færðar til nútíma verðlags	9
2 Einkennisstærðir virkjana	15
3 Mjólka III, mismunur á Mjólka II og "heildarvirkjun"	21
4 Vatnasvið mæld á Orkustofnunarkortum	37
5 Afrennsli og meðalvatnasviðshæð	41
6 Rennsli vhm 19 Dynjandi, "Fjallfoss"	45
7 Rennsli vhm 104 Dynjandi, Litla-Eyjavatn	47
8 Rennsli vhm 135 Dynjandi, Stóra-Eyjavatn	48
9 Rennsli vhm 173 Mjólka, Langavatn.	52
10 Rennsli vhm 38 Þverá, Nauteyri	53
11 Rennsli til Vatnsfjarðarvirkjunar.	56
12 Rennsli til Þverárlóns við Dynjandisvirkjun	57
13 Rennsli til Langavatns auk Hófsárveitu	58
14 Rennsli Hófsárveitu meiri.	59
15 Rennsli til Skúfnavatnavirkjunar	60
16 Rennsli til Skötufjarðarvirkjunar, Rjúkandi	61
17 Rennsli til Skötufjarðarvirkjunar, Hundsvatn	62
18 Rennsli til Skötufjarðarvirkjunar, Hundsá	63
19 Samanburður á valkostum	75

1. INNGANGUR

1.1 Aðdragandi

Orkubú Vestfjarða fór fram á það við Orkustofnun að hún endurskoðaði og endurreiknaði virkjanaáætlanir á Vestfjörðum. Þetta var ákveðið í framhaldi af samstarfi Orkustofnunar við Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins um endurskoðun á virkjanalíkani Orkustofnunar, þannig að það gildi einnig fyrir smávirkjanir. Þeirri vinnu lauk með útgáfu á 4. bindi í ritröð um endurskoðun virkjanalíkansins, sem fjallar um kostnaðarjöfnur smávirkjana, gefið út í september 1987.

Ákveðið var að endurskoðun virkjanaáætlana færi fram með virkjanalíkaninu. Þær verða þá af þeirri nákvæmni sem kallast **forathugun**, sem í þessu tilfelli þýðir að áætlanir um mismunandi virkjunakosti á þessu svæði eru í góðu samræmi og nokkuð nákvæmar innbyrðis, en þar sem ekki er um hönnun að ræða getur verið töluverð ónákvæmni miðað við hönnunaráætlanir. Einföldunin í líkaninu er þó þannig að hún getur virkað í báðar áttir, til hækkunar eða lækkunar miðað við hönnun. Einingaverð í líkaninu er fyrst og fremst fengið úr reynslutölum sem aflast hafa í virkjanaframkvæmdum Landsvirkjunar. Niðurstöður þessara forathugana verða settar í virkjanabanka Orkustofnunar, þar sem reikna má þær til nýs verðlags á hverjum tíma með virkjanalíkaninu.

Það verðlag, sem nú er notað í virkjanalíkaninu er miðað við desember 1986. Í öllum niðurstöðum hér er þetta verðlag fært upp til desember 1987 með því að margfalda með vísitölu virkjanakostnaðar, sem hækkaði um 19% á milli þessara ára.

1.2 Rennslisgögn

Byrjað var á endurskoðun rennslisgagna og nýjar rennslisraðir gerðar í framhaldi af því. Rennslisgögn hafa ekki verið skoðuð í mörg ár og þurfti því að vinna nokkra frumúrvinnslu. Gæslu á mælum hafði einnig hrakað um tíma og gæði rennslisraðanna því ekki orðið að ráði meiri, þrátt fyrir gögn frá nokkrum árum til viðbótar.

Á síðustu árum hefur mælum verið fækkað nokkuð, en áhersla í staðinn lögð á vandaðari rekstur þeirra mæla sem eftir eru. Þetta var gert í samræmi við tillögur frá samstarfshópi Orkustofnunar og Landsvirkjunar frá árinu 1986 um vatnamælingar. Tillögurnar hafa verið ræddar við aðra aðila, sem nota vatnafræðileg gögn, og yfirleitt verið vel tekið. Þessu hafa fylgt tillögur um fjárhagslega ábyrgð rekstraraðila, sem nokkrir þeirra hafa þegar axlað.

Nýjar rennslisraðir voru gerðar með því að nota vatnafræðileg líkön til þess að lengja hið mælda rennsli á mælingastað, þar sem þess var þörf, og flytja það til virkjunarstaðarins. Á þetta bæði við um núverandi og eldri, nú aflagða vatnshæðarmæla. Í kaflanum um vatnafræði er aðferðafræðinni að baki líkangerðarinnar lýst, en í stuttu máli má segja, að tölfræðilegir eiginleikar rennslisraðanna sjálfra séu notaðir, ásamt mögulegum tengslum þeirra við rennsli, hitafar og úrkomu í grenndinni.

Líkanagerðin getur í sjálfu sér ekki eytt þeirri óvissu, sem rekja má til skorts og/eða galla í frumgögnum. Viðbótaróvissa skapast þar sem svo hagar til, að yfirfæra þarf þekkingu á rennsli af einum stað á annan. Það er því töluverð óvissa í rennslitölum fyrir virkjanirnar og hjá þeim verður varla komist nema með mjög miklum mælingakostnaði. Þess ber þó að geta að vatnamælingar þær sem gerðar hafa verið við Stóra-Eyjavatn bæta mjög úr skák og minnka óvissuna um virkjanlegt rennsli þar. Leitast er við að hafa rennslitölurnar fremur varlega

áætlaðar en um of, þannig að meiri líkur séu á að rennsli sé vanmetið en ofmetið.

1.3 Önnur gögn

Landmælingum og kortagerð af báðum virkjanasvæðum Vestfjarða var lokið um 1976 og voru þá fengin kort í mælikvarða 1:20.000 með 5 m hæðalínubili af öllu Glámu- og Ófeigsfjarðarhálandi. Þessi kort eru nægjanlega nákvæm fyrir forathuganir á virkjanastöðum eins og hér er lýst.

Nokkrar jarðfræðirannsóknir hafa farið fram. Ítarlegastar í nágrenni Mjólkár sem vonlegt er, þar sem þegar er virkjað. Þar var meðal annars borað á jarðgangaleið frá Stóra Eyjavatni til Langavatns. Hinar fremur litlu virkjanir á Vestfjörðum verða yfirleitt að byggja á yfirborði landsins og er því minni þörf á víðtækum jarðfræðirannsóknnum en ella. Kortleggja þarf þó laus jarðefni, sérstaklega vegna hugsanlegrar notkunar þeirra til mannvirkjagerðar, en einnig vegna þess að þau kunna að vera vandamál við grundun mannvirkja. Leit og kortlagnig byggingarefna hefur farið fram á öllum virkjanasvæðunum, en því miður með lélegum árangri víðast hvar. Ítarlegust var leitin á svæðinu við Vatnsdalsá og þar hefur einnig verið hugað að grundun einstakra stíflna.

1.4 Umhverfismál

Vegna umhverfismála hafa litlar rannsóknir farið fram, enda eru umhverfismál á þessu svæði varla á því sviði að rannsóknir leysi úr. Kafli um umhverfismál er í skýrslunni, og kemur þar fram að fossarnir í Dynjandisá eru friðlýstir. Þessi friðlýsing er á fagurfræðilegum forsendum, og er það því fagurfræðilegt vandamál að ákvarða hvort skerða megi rennsli um fossinn, eins og gert er ráð fyrir í tveimur virkjanahugmyndum, sem hér eru kynntar. Vegna þessa atriðis voru teknar myndir fyrir nokkrum árum af fossinum við mismunandi rennsli. Úrval úr þessum myndum eru á myndum 24-36. Samkvæmt friðlýsingu fossanna er Stóra Eyjavatn og afrennslissvæði þess undanþegið banni við skerðingu á rennsli um fossana, og ætti því stækkun Mjólkárveikjunnar með veitu úr Stóra Eyjavatni ekki að vera í andstöðu við friðlýsinguna. Vatnasvið Vatnsdalsár er einnig friðað, en alls ekki er ljóst hvaða áhrif sú friðlýsing hefur á möguleikann til virkjunar.

1.5 Fyrri áætlanir

Áætlanir um virkjanir á Vestfjörðum hafa hingað til verið gerðar fyrir Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins og unnar af Almennu verkfræðistofunni flestar, auk þess sem Orkustofnun hefur unnið í virkjanalíkani sínu nokkrar áætlanir. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hannaði elstu virkjanirnar og hefur auk þess gert nokkrar mjög lauslegar forathuganir á nokkrum virkjanastöðum. Verkfræðistofan Virkir hannaði síðustu tillögu að virkjun í Fossá á Rauðasandi. Á mynd 1 eru sýndir virkjunarkostir og virkjanir á Vestfjörðum. Í hugmyndum að virkjunum á Vestfjörðum er orkugetan samanlagt um 800 GWh/ári, eða svipuð og í einni stórvirkjun inni á meginlandinu. Í Ófeigsfirði er stærsti virkjunarkosturinn á Vestfjörðum, með yfir 200 GWh á ári í orkugetu, en á fjórum öðrum stöðum er hægt að ná yfir 100 GWh í orkugetu á ári.

Fjallað hefur verið um öll virkjanasvæðin í fyrri skýrslum, og ítarlegast um virkjanasvæðin á Glámuhálendinu, þar sem þegar er virkjað í Mjólká. Fyrsta mynsturáætlunin fyrir Mjólkár-Dynjandissvæðið var gerð fyrir Raforkumálastjóra 1967 af Almenna byggingarfélaginu. Hún byggði á nýlega fengnum yfirlitskortum af vatnasviði Arnarfjarðaranna. Þessi mynsturáætlun

var endurskoðuð 1971 í sambandi við ákvörðun um virkjun Mjólkár II. Í töflu 1 er þessi áætlun færð til verðlags í des. 1987 með byggingarvísitölu.

Virkjun	Afl MW	Orka GWh/ár	Stofnk. MKr	Orkuk. kr/kWh/ár
1971				
Mjólká 2	5,7	36	340	9,4
Mjólká 3	5,7	36	614	17,1
Dynjandi	8,3	53	662	12,5
1976				
Dynjandi	15,0	51	1214	23,8
Dynjandi	8,3	51	941	18,5
Skúfnavötn	16,0	100	2077	20,8
Vatnsfjörður	30,0	180	3084	17,1
Skötufjörður	16,8	101	2008	19,9
Hvanneyrardalur	7,2	43	1095	25,5
1983				
Vatnsfjörður	26,0	119	2387	20,1
Skötufjörður	26,0	58	1853	31,9

TAFLA 1: Eldri virkjunarhugmyndir, sem Almenna verkfræðistofan vann að á árunum 1971-1983, færðar til verðlags í desember 1987.

Eftir að kort komu af öllum virkjanasvæðum Vestfjarða um 1976 var unnið töluvert að gerð mynsturáætlana fyrir vatnsaflíð á Vestfjörðum. Þetta var unnið nokkuð samhliða í virkjanalíkani stofnunarinnar og af Almennu verkfræðistofunni. Þessari vinnu lauk með skýrslum frá verkfræðistofunni til Orkustofnunar og Rarik, þar sem gerðar eru tillögur að virkjunum á Glámusvæðinu og við Skúfnavötn. Í töflu 1 eru niðurstöður þessara áætlana færðar til nútímaverðs.



Líta má á þessar áætlanir sem útekt á vatnsaflí Vestfjarða, með það í huga að ná sem mestri virkjaðri orku. Aðferðafræðin er að öðru leyti svipuð og nú er notuð við slíkar áætlanir, enda niðurstöður svipaðar. Þessari útekt á vatnsaflí Vestfjarða má segja að ljúki með áætlun um virkjun Hvalár, sem gerð var á Orkustofnun 1983. Öðru máli gegndi um athugun, sem Orkustofnun gerði fyrir Orkubúið 1983, og hafði þann tilgang fyrst og fremst að kanna hvernig tryggja mætti sem best öryggi Vestfjarða í raforkumálum. Hluti þeirrar athugunar voru nýjar áætlanir um virkjun í Vatnsfirði og Skötufirði með þau sjónarmið í huga, að ný virkjun á Vestfjörðum þjónaði þeim tilgangi fyrst og fremst að vera varaafli fyrir Vestfjarðakerfið. Niðurstöður þessara áætlana, sem gerðar voru af Almennu verkfræðistofunni, eru einnig tilgreindar í töflu 1.



VOD.VV.555 HSs
88.06.0328 H

Mynd 1

VESTFIRÐIR Staðsetning virkjana og virkjunarkosta



MYND 1: VESTFIRÐIR. Staðsetning virkjana og virkjunarkosta.

2. ALMENN ATRIÐI UM VIRKJANIR

2.1 Virkjanalíkan

Flestir útreikningar í forathugun þessari eru gerðir með svokölluðu "Smávirkjanalíkani Orkustofnunar". Einföld mynd af uppbyggingu líkansins er sýnd á mynd 2. Stutt er síðan lokið var við fyrstu drög að "Smávirkjanalíkani Orkustofnunar". Byrjað var á að skilgreina kostnaðarforsendur og síðan að setja upp tölvulíkan. Ekki hefur enn gefist nægur tími til að sannreyna ágæti líkansins né áreiðanleika þess. Villuleit er heldur ekki lokið. Taka þarf því niðurstöðum með mikilli gætni og taka tillit til þess að líkanið er enn í þróun.

Gögn sem ganga inn í líkanið eru:

1. Kostnaðarjöfnur mannvirkja. Jöfnurnar voru gerðar á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og miðast við verðlag í lok árs 1986. Í þessari skýrslu er þó búið að framreikna allar kostnaðartölur til verðlags í desember 1987. Við framreikningana var notuð svokölluð "vísitala virkjunarkostnaðar", sem endurskoðuð er árlega hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Hækkun milli árunna 1986 og 1987 var 19% miðað við þá vísitölu.
2. Rennslisraðir. Rennslisraðir voru gerðar á Orkustofnun og er þeirri vinnu lýst nánar í sér kafla um vatnafræði. Reiknað var með 30 árum, og notuð vatnsárin 1955 - 1984.
3. Skrár um landslag. Hér er um að ræða mælingar sem gerðar eru á kortum Orkustofnunar í mælikvarða 1:20.000. Mæld eru snið í stíflur, vatnasvið, flatarmál lóna, lega skurða og annara vatnsvega.
4. Ýmis önnur gögn sem nauðsynleg eru.

Kostnaðarjöfnur virkjanalíkansins eru miðaðar við einhverskonar meðal aðstöðu til mannvirkjagerðar og getur frávik þar frá verið nokkuð, en er í raun ekki þekkt, því að líkanið er ekki prófað í samanburði við hannaðar smávirkjanir. Innbyrðis milli Vestfjarðavirkjana á þetta ekki að skipta miklu máli, því að skilyrðin eru þar alls staðar svipuð, en aftur á móti getur samanburður við önnur svæði verið hæginn og ber að taka með varúð þar til hönnun einhvers þessara virkjanakosta hefur farið fram.

2.2 Aðstaða til virkjana á Vestfjörðum

Vatnsaflíð er fall af vatnsrennsli og fallhæð (landslagi). Með kortum Orkustofnunar í mælikvarða 1:20.000 með 5 m hæðarlínubilum er landslag ákvarðað af þeirri nákvæmi sem þarf til forathugunar og síðan forhönnunar. Aftur á móti er rennsli miður þekkt sumstaðar og veldur nokkurri óvissu um orkugetu. Endanleg útfærsla virkjana getur breyst með breyttri tækni, eða öðrum forsendum sem byggt er á.


Virkjanasvæði á Vestfjörðum eru eftirfarandi:

1. Hálendið í kringum Glámu
 - 1.1 Til vesturs - Mjólka og Dynjandi
 - 1.2 Til suðurs - Vatnsdalsá
 - 1.3 Til norðurs - Skötufjarðar, Mjóafjarðar og Ísafjarðarár.
2. Hálendið milli Djúps og Ófeigsfjarður.
 - 2.1 Til Djúps - Þverá, Langadalsströnd og fleiri.
 - 2.2 Til Ófeigsfjarður - Hvalá og Rjúkandi.



VOD · SK · 555 · HT
88.09.0530 H

FERLI VIRKJANALÍKANS



MYND 2: Ferli virkjanalíkans

Auk þessara svæða hefur verið virkjað úr einstaka botnum á Ísafirði og í Bolungarvík og hugmyndir hafa verið uppi um virkjun úr stórrí skál í Suður-Fossá á Rauðasandi. Þessar virkjanir úr einstökum botnum eða skálum heyrast væntanlega sögunni til. Ein virkjun á Vestfjörðum er á láglandi, það er Þverá við Hólmavík.

Kostnaði við mannvirki vatnsorkuvera má skipta í tvennt, þ. e. stöðvarháðan kostnað, sem er stöðin sjálf ásamt vélbúnaði og lágmarks vatnsvegum undir þrýstingi; og landslagsháðan kostnað, sem er aðallega stíflur og vatnsvegir undir lágum eða engum þrýstingi. Það sem einkennir vatnsorkuna á Vestfjörðum er hár kostnaður landslagsháðra mannvirkja, sérstaklega stíflna, en kostnaður stöðvartengdra mannvirkja getur orðið viðunandi lágur.

Á mynd 3 er sýnt hvernig kostnaði stöðvarháðra mannvirkja er háttað í stöðvum eins og þeim sem byggja má á Vestfjörðum. Í þessu dæmi er reiknað með að þrýstipípa sé þreföld fallhæðin að lengd; virkjað rennsli sé 50% meira en meðalrennsli og að 75% rennslisorku nýtist. Þetta dæmi sýnir að stöðvarháði kostnaðurinn fer upp úr öllu valdi fyrir minnstu virkjanirnar, sem virkja má úr einstökum skálum eða nálega úr hverjum fjarðarbotni. Stærstu virkjanirnar, sem eingöngu er hægt að virkja út frá hinum litlu hásléttum á Vestfjörðum, hafa stöðvartengdan kostnað það lágan að út geta komið sæmilegar virkjanir ef landslagsháði kostnaðurinn er sæmilega lágur.


Rennsliseiginleikar á Vestfjörðum eru slíkir, að þörf er á mikilli miðlun ef ná á góðri nýtingu rennslisorku. Besta miðlunin á Vestfjörðum er í Stóra-Eyjavatni, þar sem miðlunarkostnaður er allt að því sambærilegur við þokkalegar miðlanir inni á meginlandinu. Eiginleikar vatnsorkunnar á Vestfjörðum gera það eðlilegt að stefna ekki á fullnýtingu rennslisorkunnar með stórum miðlunum, heldur reyna að hirða ódýrustu orkuna með lágmarki landslagsháðra mannvirkja, en með getu til framleiðslu á einhverri afgangorku. Einmitt þessi atriði hafa verið höfð sérstaklega í huga við þá endurskoðun sem hér er gerð.

Það sjónarmið, sem einkum var látið ráða í þessari athugun, var að leita sem ódýrastra kosta til orkuframleiðslu fyrir Vestfirði, án tillits til annarra sjónarmiða. Þessvegna er fullnýting vatnsorkunnar ekki höfð í huga, né að virkja auka afl sem varaafli fyrir Vestfirði. Völdu staðirnir eru fyrst og fremst á Glámusvæðinu: Viðbætur í Mjólka, Dynjandisá, Vatnsdalsá og Skötufjarðará (sjá yfirlitskort í vasa). Hvanneyrardalsá er sleppt. Á eystra hálendi Vestfjarða var Skúfnavatnavirkjun endurskoðuð, og til samanburðar er virkjunaráætlun um Hvalá frá 1983 færð upp til verðlags í des. 1987. Hvalá liggur svo langt frá aðal raforkumarkaði Vestfjarða að hún er ekki áhugaverður kostur nema hún væri mun ódýrari, sem hún ekki virðist vera samkvæmt virkjanatilhöguninni frá 1983.

Vegna þess hve lítið vatn er um að ræða í virkjunum á Vestfjörðum geta vatnsvegir varla verið jarðgöng nema í algjörum undantekningartilfellum. Jarðgöng með lágmarks þvermáli taka margfalt það rennsli sem um er að ræða. Þess vegna eru landslagsháðu vatnsvegirnir trépípur eða skurðir í þessum áætlunum. Verið getur þó, að í raun yrðu trefjaplastpípur valdar í þessa vatnsvegi, því þær þola sennilega betur þurrk og vatnsleysi. Kostnaðarjöfnur eru nánast eins fyrir þessar pípugerðir, en jöfnurnar eru taldar öruggari fyrir trépípur, og eru þær þess vegna notaðar.

VOD-SK-555 HT
88.09.0535 AA

STÖÐVARHÁÐUR KOSTNAÐUR VATNSAFLSSTÖÐVA



MYND 3: Stöðvarháður kostnaður vatnsaflsstöðva

3. LÝSING Á VIRKJUNARKOSTUM

Hér á eftir verður lýst þeim virkjunarkostum sem athugaðir voru. Helstu einkennisstærðir er að finna í töflu 2. Niðurstöður þær sem hér eru birtar eru fengnar með eftirlíkingu í reiknilíkani sem notast er við þegar rannsóknir eru á forathugunarsviði. Nákvæmni er því ekki sambærileg við niðurstöður úr hönnun.

Virkjanir	VAT	DYN	M-II	M-II+	SKÖ	SKÚ	HVA
Vatnasvið [km ²]	39,8	37,4	19,7	45,7	30,2	67	169
Meðalársrennsli [Gl]	106	99	61	120	80	110	488
Meðalrennsli [m ³ /s]	3,35	3,14	1,94	3,81	2,54	3,5	15,5
Virkjað rennsli [m ³ /s]	5,37	4,84	2,06	5,71	4,05	5,4	17,4
Miðlun [Gl]	22	25	4	26	18,6	52	114
Yfirvatnshæð [m y.s.]	507	358	496	496	526	418	310
Undirvatnshæð [m y.s.]	25	5	6	6	25	30	4
Verg fallhæð [m]	482	353	490	490	501	388	306
Rennlisorka [GWh]	120	83	71	139	95	101	358
Framleidd orka [GWh/á]	99	66	40	110	78	85	218
Afl [MW]	20	13	7,7	21,7	16	16	44
Nýtingarstundir [klst./á]	4930	4920	5220	5070	4920	5260	4940
Stofnkostnaður [Mkr.]	1251	827	559	1322	1250	1415	3135
Stofnk. á afleiningu [Mkr/MW]	62,1	61,5	73,0	61,0	78,4	88,0	90,4
Stofnk. á orkueiningu [kr/kWh·a]	12,6	12,5	14,0	12,0	16,0	16,65	14,38

TAFLA 2: Einkennisstærðir virkjana, verðlag í des. 1987.

SKÝRINGAR:

VAT	Vatnsfjarðarvirkjun.
DYN	Dynjandisvirkjun.
M-II	Mjólkársvirkjun II.
M-II+	Mjólkársvirkjun II með stækkun.
SKÖ	Skötufjarðarvirkjun.
SKÚ	Skúfnavatnavirkjun.
HVA	Hvalárvirkjun.

3.1 Vatnsfjarðarvirkjun

Vatnsfjarðarvirkjun nýtir vatn af vatnasviði Vatnsdalsár og Austurár (mynd 4). Heildarflatarmál vatnasviðs er um 39,8 km². Meðalársrennsli 106 Gl. Vatnsdalsá er stífluð rétt neðan við Flókavatn (505 m y.s.) og vatnsborð þess hækkað í 510 m y.s. Skurður er grafinn úr lóninu yfir í Hólmavatn. Ekki er gert ráð fyrir miðlun í lóninu, en botnrás og yfirfall yrði sem einfaldast.

Austurá er stífluð við Hólmavatn (491 m y.s.) og vatnsborð þess hækkað í 507 m y.s. Lón þetta verður inntakslón virkjunar. Miðlað verður í 490 m y.s. og fæst þannig um 22 Gl miðlun. Stíflan verður með botnrás og einnig verður inntaksvirki í stíflunni til að stýra rennsli til virkjunar. Yfirfallsvatn fer í Austurá. Meðalrennsli er áætlað 3,35 m³/s. Frá inntaksvirki verður

4,4 km löng tréþípa út eftir fjallshlíðinni austan ár. Gert er ráð fyrir þrýstijöfnun við enda tréþípu. Þaðan fer vatnið um stálþrýstíþípu (1650 m) að stöðvarhúsi sem verður niðri í Vatnsdal, í um 25 m y.s.

Í eldri hugmyndum um Vatnsfjarðarvirkjun var oftast gert ráð fyrir að nýta afrennsli Kjálkavatns og Stóra-Eyjavatns til viðbótar því sem lýst er hér að framan. Veita Kjálkavatns er óhagkvæm þar sem þörf er á jarðgöngum (2 km.) til að koma vatninu yfir í Hólmavatn. Aftur á móti er gert ráð fyrir að nýta Stóra-Eyjavatn í Mjólkárveikjun.

3.2 Dynjandisveikjun

Dynjandisveikjun (mynd 5) nýtir vatn af um 37,4 km² á vatnasviði Dynjandisár. Aðal miðlunarlón veikjunarinnar verður í Stóra-Eyjavatni (22 Gl), sjá mynd 6. Dynjandisá er stífluð við útrennsli Stóra-Eyjavatns og vatnsborð þess hækkað í 573 m y.s. Flatarmál vatnasviðs þess er 13,5 km². Lægsta vatnsborð verður í 555 m hæð, en til að ná því þarf að grafa skurð úr lóninu í gegnum smá hrygg sunnan við Dynjandisá. Hugsanlegt væri að hafa jarðgöng í stað skurðar. Í skurðinum verður lokuveikja til að stýra rennsli úr lóninu, skurðurinn virkaði einnig sem botnrás og fyrir framhjárennsli á byggingartíma stíflunnar. Yfirfall er staðsett í stíflunni norðan við útfall. Frá miðlun rennur vatnið eftir farvegi Dynjandisár niður í Litla-Eyjavatn sem yrði inntakslón veikjunar ásamt smá lóni í Þverá.

Vatnsborð Litla-Eyjavatns er hækkað með stíflu úr 353,6 m í 358 m y.s. Þverá einnig stífluð upp í sömu hæð. Saman mynda þessi lón inntakslón veikjunarinnar. Gert er ráð fyrir botnrás og yfirfalli í báðum lónum. Rennsli til veikjunar er um tréþípu sem er um 3,6 km á lengd og 900 m langa stálþrýstíþípu að stöðvarhúsi við botn Dynjandisvogs, rétt sunnan við ósa Dynjandisár. Gert er ráð fyrir þrýstijöfnun á þípuleiðinni (sjá staðsetningu á mynd 5). Heildar veikjað fall er 353 m.


Þessi veikjunarkostur er háður því að Stóra-Eyjavatni sé ekki veitt til Mjólkárveikjunar. Vegna náttúruverndarsjónarmiða ef ekki af öðrum ástæðum, er ólíklegt að þessi kostur komi til greina.

3.3 Mjólkárveikjun

Núverandi Mjólkárveikjun er í raun tvær veikjanir sem nýta sama stöðvarhús og aðstöðu í botni Borgarfjarðar. Eldri veikjunin (Mjólká I) er minni eða 2,4 MW en sú yngri er 5,7 MW (Mjólká II), alls 8,1 MW. Aflvél Mjólká II er of lítil miðað við það vatnsmagn sem fyrir hendi er. Athugun á Mjólkárveikjun fólst aðallega í því að kanna möguleika á stækkun Mjólká II (mynd 7). Bæta þarf við aflvél og auka aðrennsli til veikjunar. Nauðsyn er einnig á aukinni miðlun. Þegar talað er um Mjólká II er átt við eftirlíkingu í reiknilíkani, sem ekki samsvarar raunverulegri veikjun. Í niðurstöðum líkanreiknings verður afl Mjólká II 7,7 MW en er nú 5,7 MW.


Stækkunin (Mjólká III) felst í því að mynda miðlunarlón í Stóra-Eyjavatni (mynd 6 og 7) og veita vatni þaðan af 13,5 km² lands með tréþípu í inntakslón Mjólká II (Langavatn) og síðan að veita vatni af efri hluta vatnasviðs Hófsár einnig yfir í inntakslónið. Hófsárveita samanstendur af þremur stíflum, skurðum og einföldum botnrásum og yfirföllum. Vatnasvið hennar um 12,7 km². Ekki er gert ráð fyrir miðlun í veitunni (sem væri þó mögulegt). Leggja þarf aðra stálþípu við hlið þeirrar eldri úr Langavatni að stöðvarhúsi Mjólká II, sem þyrfti að stækka til að taka við einni nýrri vélasamstæðu.

VATNSFJARDARVIRKJUN



DJANDISVIRKJU





MYND 6: Stóra-Eyjavatn. Miðlun

Lausleg athugun var gerð á því hvort auka mætti rennsli í Stóra-Eyjavatn. Með stíflu í Útnorðursá rétt ofan við Öskjuvatn væri hægt að mynda smá lón og veita úr því með skurði yfir í Stóra-Eyjavatn (mynd 5). Vatnasvið veitunnar yrði $2,23 \text{ km}^2$ og áætlað meðalrennsli $0,14 \text{ m}^3/\text{s}$. Heildarkostnaður við veitu þessa yrði of mikill eða um 116 Mkr.

Hugsanlegt er að taka Austurá inn í tréþípu úr Stóra-Eyjavatni, þetta hefur þó ekkert verið kannað og ekki er vitað um hversu mikið vatn fæst þar til viðbótar.

Samanburður á Mjólka II og "heildarvirkjun" er sýndur í töflu 3. Aðferðin sem notuð er við samanburð er mjög einföld, og tekur ekki fullt tillit til hagræðingar sem felst í því að nota þá aðstöðu sem þegar er fyrir hendi. Mjólka II er reiknuð og síðan "heildarvirkjun" Mjólkár. Mismunurinn er síðan kallaður Mjólka III. Kostnaðartölur miðast við verðlag í desember 1987.

	Mjólka II	"Heildarvirkjun"	Mjólka III
Vatnasvið [km^2]	19,7	45,7	26
Hönnunarrennsli [m^3/s]	2,1	5,7	3,6
Miðlun [GI]	4	26	22
Fallhæð [m]	490	490	490
Afl [MW]	5,7(7,7)	21,7	16
Orka [GWh/a]	40	110	70
Kostnaður [Mkr.]	559	1322	763
Orkukostn. [kr/kWh·a]	14,0	12,0	10,9

TAFLA 3: Mjólka III, mismunur á Mjólka II og "heildarvirkjun".

Fyrir hendi er stálþípa Mjólkár II. Við stækkun verður hugsanlega bætt við annari þípu við hliðina, en við útreikninga í líkani er reiknað með einni þípu sem flytur allt virkjað rennsli í "heildarvirkjun", en það er mun dýrari kostur að vera með tvær þípur heldur en eina. Reiknað hagkvæmasta meðalþvermál stálþrýstipípu í Mjólká II er 0.81 m, meðalþvermál þeirrar þípu sem þegar er notuð er lauslega reiknað um 0.83 m. Viðbótarþípa vegna stækkunar reiknast með hagkvæmasta meðalþvermál um 1.0 m. Heildarkostnaður nýju þípunnar (d=1.0) er áætlaður um 277 Mkr. Áætlaður heildarkostnaður eldri þípu (d=0,81 m), er á sama verðlagi áætlaður um 190 Mkr. Ef reiknað er með einni þípu (d=1.23 m) eins og gert er í reiknilíkani, þá er kostnaðurinn 370 Mkr. Mismunur á kostnaði í líkani verður því $370 - 190 = 180$ Mkr. en í "raun" kostar viðbótarþípa 277 Mkr. Kostnaðartölur hér að framan eru heildarkostnaður, þ.e. verktakakostnaður með 37% álagi vegna óbeins kostnaðar.

Athuga mætti hvort það sé hagkvæmara að grafa skurð úr Langavatni og stytta þannig þípulengdir um allt að 800 m, nota mætti þann hluta af gömlu þípunni sem af gengur í þá nýju. Áætlaður kostnaður við skurðinn er 68 Mkr. Einnig hefur komið fram sú hugmynd að nota núverandi þrýstipípu í nýju Hófsárveituna og leggja nýja þípu sem flytur allt rennslið að stöðvarhúsi. Þetta er háð því að kostnaður við stöðvun virkjunar á meðan verði ekki of mikill. Einnig er spurning hvort ný og stærri þípa geti notað gömlu undirstöðurnar.

Hér fyrir neðan er sýndur kostnaður í Mkr., vegna mögulegs aðrennslisskurðar og fyrir mismunandi stálþípur að stöðvarhúsi.

Lengd þípu	Þípa I	Þípa II	Þípa +	Skurður
3800 m	190	277	370	0
3000 m	150	218	299	68
Mismunur	40	59	71	-68

Skýringar: Þípa I er núverandi þípa Mjólkár II, þípa II er viðbótarþípa vegna stækkunar og þípa+ er þípa sem gæti flutt allt virkjað rennsli ein sér. Skurður er 800 m langur og gæti komið í stað efsta hlutann af þrýstipípu og flytur virkjað rennsli. Kostur við það að vera með skurð er aðallega fólgin í minnkunum falltöpum og þar af leiðandi aukinni orku.

Taka þyrfti fullt tillit til þess hagræðis sem er af þeim mannvirkjum sem fyrir hendi eru og nýtast til fulls við stækkun. Þar má nefna t.d. stöðvarhúskranann, sem þegar er fyrir hendi, og nýtist fyrir stækkunina ef bætt verður við stöðvarhúsið. Stöðvarhúskrani er þó of lítill fyrir þá stærð af vél sem hugsanlega verður sett niður. Margt fleira mætti telja, svo sem alla aðstöðu sem þegar er fyrir hendi.

Til samanburðar var athugað hver niðurstaðan yrði ef Hófsárveita er ekki höfð með. Reyndist orkuframléiðslan þá vera 84 GWh/a og afl 16 MW. Stofnkostnaður 1049 Mkr. eða 12,5 kr/kwh/a.


3.4 Skötufjarðarvirkjun

Skötufjarðarvirkjun (mynd 8) nýtir vatn af vatnasviði Rjúkanda og Hundsár. Heildar vatnasvið um 30,2 km², meðalrennsli 2,54 m³/s og verg fallhæð 501 m. Áin Rjúkandi er stífluð við ónefnt vatn í 568 m y.s. og vatnsborð hækkað í 582 m y.s. (miðlun ca. 5 Gl). Úr lóni þessu er vatninu veitt um skurð að vatni (573 m y.s) í Hundsá. Vatnsborð þess hækkað í 581 m y.s með stíflu. Fæst þar 10 Gl miðlun til viðbótar. Botnrás með lokubúnaði er notuð til að stýra rennsli úr lóninu eftir farvegi Hundsár að inntakslóni, sem myndað verður þar sem nú er vatn í 512 m y.s. Vatnsborð þess hækkað í 526 m y.s. og nýtileg miðlun 3,4 Gl. Frá inntakslóni fer vatnið í stálþrýstipípu að stöðvarhúsi sem staðsett verður rétt neðan við ármót Rjúkanda og Hundsár.


MJÓLKÁ III



SKÖTUFJARDARVIRKJUN



Mörk óviss




MYND 9: Skúfnavatnavirkjun

Undirvatnshæð verður í 25 m y.s. Í öllum 3 safnpunktum (lónum) er gert ráð fyrir botnrás, yfirfalli og inntaksvirki til rennslisstjórnunar.

3.5 Skúfnavatnavirkjun

Fyrirkomulag Skúfnavatnavirkjunar er sýnt á mynd 9. Virkjunin tekur til sín vatn af vatnasviði Þverár og Hvannadalsár, samtals um 66,5 km². Þverá er stífluð rétt neðan við Skúfnavötn. Gert er ráð fyrir að hækka vatnsborð þeirra í 419 m y.s. og miðla þannig um 57 Gl, sem er um 50% af meðalársrennsli. Hægt væri með góðu móti að hækka vatnsborð í Skúfnavötnum í allt að 426 m y.s. og fá þannig allt að 94 Gl miðlun (10. mynd).



MYND 10: Miðlunarlón við Skúfnavötn


Stífla í Þverá yrði jarðvegsstífla með krónuhæð í 422 m y.s. Um 100 m löng botnrás yrði neðst í stíflunni í farvegi Þverár. Steinsteyppt yfirfall (hæð 419 m y.s.) verður sambyggt stíflunni, við syðri enda stíflu. Aðrennsli til stöðvarhúss verður um ca. 900 m löng jarðgöng og síðan stálpípa (3 km löng) að stöðvarhúsi við bæinn Tungu í Hvannadal. Undirvatnshæð er áætluð í 30 m y. s. 800 m langur frárennslisskurður grafinn frá stöðvarhúsi eftir farvegi Hvannadalsár, þar til undirvatnshæðinni er náð. Með þessu móti verður heildar fallhæð virkjunar 389 m.

Vatnasvið Skúfnavatnamiðlunar (29,8 km²) er aukið með veitum úr Hvannadalsá (14,5 km²) og Austurmannagili (22,2 km²). Með því eykst vatnasviðið úr 29,8 km² í 66,5 km². Vegna Hvannadalsárveitu þarf að reisa þrjár smá stíflur, krónuhæð í 488 m y.s. og grafa tvo smá skurði til að veita vatninu yfir í Austurmannagil. Þar þarf eina stíflu með krónuhæð í 441,5 m y.s. og grafa smá skurð til að koma vatninu yfir í miðlunarlón við Skúfnavötn.

3.6 Hvalárvirkjun


Fyrirkomulag Hvalárvirkjunar er sýnt á mynd 12. Virkjunin tekur til sín vatn af vatnasviði þriggja áa, Rjúkanda, Hvalár og Eyvindarfjarðarár. Heildar vatnasvið er um 169 km² (þar af 4

km² undir jökli). Meðalrennsli er áætlað 15,5 m³/s. Áin Rjúkandi er stífluð rétt neðan við ármót Hvannadalsár. Hvalá er stífluð rétt neðan við útrennsli Vatnalautavatns. Saman mynda þessar stíflur, ásamt smá fyrirhleðslum, aðalmiðlunarlón virkjunarinnar. Hæsta vatnsborð verður í 350 m y. s. Ekki er vitað nákvæmlega í hvaða hæð núverandi vatnsborð Vatnalautavatns er. Ekki eru til dýptarmælingar í vatninu, en gert er ráð fyrir að draga megi niður í lóninu um 22 m, þ. e. úr 350 m y.s. í 328 m y.s. Með þessu fæst 92 Gl miðlun, sem er um 26% af meðalársrennsli (352 Gl) í lónið (11. mynd). Gert er ráð fyrir botnrásum bæði í stíflu við Rjúkandi og Hvalá. Yfirfall hleypir umframvatni í Rjúkandi. Rennsli úr miðlunarlóninu fer um botnrás í Hvalárstíflu og þaðan eftir farvegi Hvalár í inntakslón, sem myndað er með því að stífla Hvalá þar sem áin er í um 285 m y.s. Hæsta vatnsborðsstaða í inntakslóni verður í 310 m y.s. Gert er ráð fyrir að stöðvarhús verði neðanjarðar og aðrennsli úr inntakslóni verði um 2 km jarðgöng og fallgöng. Frárennslisgöng verða einnig um 2 km á lengd í átt að ósum Hvalár, en þaðan yrði grafinn stuttur skurður (400 m) þar til komið er í hæð 4 m y.s. Aðkomugöng (1,2 km) liggja úr dalnum sem Hvalá rennur um. Heildarfallhæð virkjunar verður 306 m.



MYND 11: Miðlunarlón við Vatnalautavatn

Vatni af hluta vatnasviðs (31 km²) Eyvindarfjarðarár er veitt yfir í inntakslón virkjunarinnar. Tvær af kvíslum Eyvindarfjarðarár eru stíflaðar við smá vötn (ónefnd). Vatnsborð í þeim hækkað lítillega (385 og 378 m y.s.). Smá skurði þarf að grafa úr hvoru lóni fyrir sig, til að veita vatninu í átt að inntakslóni. Sjálfrennsli er hluta af veituleiðinni.



MYND 12

ÓFEIGSFJARDARHEIDI
HVALÁRVIRKJUN III

SKÝRINGAR:

— Skurður

- - - Göng

◇ Yfirfall

■ Stöðvarhús

▭ Stífla

○ Lón

0 1 2 3 Km

VOD-VV-593.HS
82.II.1267 '00

MYND 12: Hvalárvirkjun

4. VATNAFRÆÐI

4.1 Vatnshæðarmælar

Tiltölulega margir vatnshæðarmælar hafa verið reistir á Vestfjörðum, en rekstur flestra þeirra hefur verið nokkuð stopull gegnum tíðina. Gæzlu hrakaði mjög á öllu svæðinu um árabíl upp úr 1980 með tilheyrandi aukinni óvissu um rennslíð. Á síðustu árum hefur mælum verið fækkað nokkuð, en áhersla í staðinn lögð á það að reka þá mæla vel sem eftir standa. Það innifelur m.a. tíðari rennslismælingar til eftirlits með því, hvort samband vatnshæðar og rennslis hefur raskast, þ.e.a.s. lykilmælingar.

4.1.1 Flokkun og rekstur mæla

Mælar eru valdir til áframhaldandi reksturs út frá flokkun mælanna í

1. vatnsbúskaparstöðvar,
2. svæðisstöðvar,
3. samanburðarstöðvar,
4. verkefnabundnar stöðvar og
5. rannsóknarstöðvar.

Tvo fyrst töldu flokkana tekur Orkustofnun á sig að reka fyrir fé af fjárlögum. Þann þriðja kostar ýmist Orkustofnun eða virkjunaraðilar. Um stofnkostnað og rekstur þess fjórða er samið við þá, sem á gögnum þurfa að halda frá hinum verkefnabundnu stöðvum. Einkum eru það rekstraraðilar virkjana. Fimmta flokkinn kostar Orkustofnun eða aðrir þeir aðilar, sem áhuga eða þörf hafa fyrir rannsóknir á sviði vatnafræði.

Þeir mælar sem eftir standa á Vestfjörðum til frambúðar skv. ofangreindu eru svæðisstöðvarnar vhm 19 Dynjandi, 'Fjallfoss'; vhm 38 Þverá, Nauteyri; vhm 198 Hvalá, Ófeigsfirði; vhm 199 Hundsa, Skötufirði og vhm 204 Vatnsdalsá, Vatnsfirði, brú.

Verkefnabundnar stöðvar teljast vera: Vhm 18 Mjólka, (Mjólkárviðkjun I); vhm 053 Þverá, Hólmavík (Þverárviðkjun); vhm 135 Dynjandi, Stóra-Eyjavatnsós (möguleg viðbót við Mjólkárviðkjun II) og vhm 173 Mjólka, Langavatn (Mjólkárviðkjun II). Ósamið er, þegar þetta er ritað, um framhald á rekstri verkefnabundinna stöðva á Vestfjörðum. Af þessum stöðvum hafa aðeins vhm 53 Þverá, Hólmavík, og vhm 173 Mjólka verið í samfelldum rekstri. Nýlega voru mælingar við vhm 135 Dynjandi, Stóra-Eyjavatn, hafnar að nýju. Mælingar við vhm 18 Mjólkárviðkjun I þarfnast endurreisnar.

4.1.2 Mældar rennslisráðir

Farið var í gegnum gögn frá núverandi jafnt sem fyrrverandi vatnshæðarmælum á Vestfjörðum, fyllt í göt á tölvuskráningu gagna og rennslislyklar endurskoðaðir. Nýir rennslislyklar voru gerðir þar sem nýjar mælingar voru tiltækar og ástæða þótti til. Rétt er að geta þess að enn skortir fleiri lykilmælingar við alla vatnshæðarmæla á Vestfjörðum. Mælar sem þessi athugun náði til voru vhm 19, vhm 38, vhm 104, vhm 135, vhm 199 og vhm 202. Að verkinu unnu Davíð Guðnason, Bjarni Kristinsson og Halína Bogadóttir. Auk þeirra kom kaflahöfundur, Kristinn Einarsson, nokkuð við sögu.


4.2 Veðurfar

Sólarhringsgildi veðurþátta á tveimur veðurstöðvum, Kvígingisdal og Æðey, voru fengin frá Veðurfarsdeild Veðurstofu Íslands. Í því sambandi voru gögnin athuguð með tilliti til mögulegra villna á Veðurstofunni. Frá Kvígingisdal ná þessi samfelldu og villuprófuðu gögn aftur til ársins 1950, en frá Æðey aftur til ársins 1954.


Gögnin voru síðan notuð til prófunar á fylgni veðurþátta og rennslis á sameiginlegum mæliskeiðum. Þegar fylgni reyndist næg voru veðurþættir notaðir ásamt öðru til að reikna rennslis, ef mælingar á því skorti.

4.2.1 Úrkoma

Úrkoma er talin fara yfir 2000 mm á ári á tveimur stöðum á Vestfjarðahálendinu, umhverfis og norðan við bæði Drangajökul og Glámu (Adda Bára Sigfúsdóttir, 1976). Svarar það til yfir 60 l/s·km² afrennslis á allstórum svæðum. Haukur Tómasson (1982) hefur komið að svipaðri niðurstöðu.




MYND 13: Ársúrkoma í Kvígingisdal (hærrí súlurnar) 1950/85 og í Æðey (lægri súlurnar) 1954/85 [mm].




MYND 14: Mánaðarúrkoma í Kvígingisdal 1950/85. Meðaltöl eru sýnd með súlum, gildi einstakra mánaða með strikum og staðalfrávik þeirra frá meðaltali (1σ) með punktalínunum.

Meðalársúrkoman í Kvígingisdal var 1363 mm á árunum 1950/85 (sjá myndir 13 og 14), en 11 % hærrí eða 1517 mm á árunum 1931/60. Í Æðey var meðalársúrkoman 584 mm 1954/85 (sjá myndir 13 og 15), en er talin hafa verið rúmlega 5 % hærrí eða 616 mm 1931/60. Núgildandi úrkomukort er miðað við árabilið 1931/60, og er þess því að vænta, að langtímameðaltal síðari ára sé lægra en sýnt er á því korti. Svo sem sjá má, er úrkoman í Æðey bæði miklu



MYND 15: Mánaðarúrkoma í Aðey 1954/85 [mm]. Meðaltöl eru sýnd með súlum, gildi einstakra mánaða með strikum og staðalfrávik þeirra frá meðaltali (1σ) með punktalínunum.




MYND 16: Gráðudagar yfir 2 °C yfir árið í Kvígindisdal 1950/85 [°C dagar].

minni og ekki eins breytileg og úrkoman í Kvígindisdal.


Þess ber að geta, að þótt prófað væri að nota úrkomugögn frá bæði Kvígindisdal og Aðey við gerð rennislíkana fyrir þær ár sem hér er fjallað um, þá reyndist fylgni rennslisins ætíð vera betri við úrkomuna í Kvígindisdal heldur en Aðey. Þetta gildi ekki aðeins um Glámusvæðið, heldur og um rennslí Þverár á Langadalströnd.

4.2.2 Hiti og varmamagn - gráðudagar

Meðalhitinn í janúar á árunum 1931/60 er talinn vera rétt undir frostmarki við ströndina, en á allri hásléttunni undir -2 °C. Á hæstu stöðum á Vestfjörðum, þ.e. á Glámu, Drangajökli og



MYND 17: Gráðudagar yfir 4 °C yfir árið í Kvígindisdal 1950/85 [°C dagar].



MYND 18: Mánaðargildi gráðudaga yfir 2 °C í Kvígindisdal 1950/85 [°C dagar]. Meðaltöl eru sýnd með súlum, gildi einstakra mánaða með strikum og staðalfrávik þeirra frá meðaltali (1 σ) með punktalínum.

Reiphólsfjöllum, telst meðalhiti janúar fara undir -4 °C. Meðalhiti júlímánaðar 1931/60 fer yfir 10 °C við Suðurfirði, en á hásléttunni er hann milli 6 og 8 °C (Markús Á. Einarsson 1976). Ársmeðalhiti í Kvígindisdal var 3,4 °C 1950/85, en mældist 3,9 °C 1931/60. Í Æðey var meðalhiti 3,0 °C 1954/85, en telst hafa verið 3,4 °C 1931/60. Kólnað hefur því að jafnaði á árunum

eftir 1960 samhliða minnkandi úrkomu.

Fylgni er að jafnaði betri milli varmamagns og rennslis en milli hitastigs og rennslis. Kemur þar til, að fyrir bráðnun á snjó skiptir litlu hvort frostið er t.d. $-3\text{ }^{\circ}\text{C}$ eða $-5\text{ }^{\circ}\text{C}$, snjóbráðin er sú sama, þ.e. engin undir núll gráðum. Reynt er að líkja eftir varmamagnsmælingum með því að breyta hitastigi í **gráðudaga**, en þá er talinn saman fjöldi hitastigsgráða á dag yfir ákveðnu marki, hér núll, tveimur, fjórum eða sex $^{\circ}\text{C}$. Er þá gert ráð fyrir að líkja eftir núll-gráðu bráðnunarþröskuldi í æ meiri hæð upp eftir hálandinu frá veðurstöð á láglandi, eftir því sem markgildið er sett hærra. Það fer svo eftir því, hvaða gráðudagaröð hefur bezta fylgni við rennslíð, hver þeirra er tekin með til að reikna það í rennslislíkaninu. Gera má ráð fyrir því skv. framansögðu, að það sé háð vatnasviðshæðinni.

Við gerð rennslislíkana í sambandi við þær athuganir sem hér er lýst var að lokum notast við gráðudaga yfir $2\text{ }^{\circ}\text{C}$ og $4\text{ }^{\circ}\text{C}$ í Kvígindisdal, eftir að prófað hafði verið bilið $0\text{ }^{\circ}\text{C}$ til $6\text{ }^{\circ}\text{C}$ bæði í Kvígindisdal og Æðey. Eru súlurit fyrir uppsafnaða gráðudaga mánaða og ára í Kvígindisdal sýnd á myndum 16 til 18.

Ekki er ýkjamikill munur á gangi súlurita um árgildi gráðudaga yfir $2\text{ }^{\circ}\text{C}$ og $4\text{ }^{\circ}\text{C}$ (myndir 16 og 17), annað er með styttri súlur, eins og skorið hafi verið neðan af þeim. Súlurit um mánaðargildi gráðudaga yfir $2\text{ }^{\circ}\text{C}$ er sýnt á mynd 18. Sést vel við samanburð á myndum 14, 15 og 18, hve miklu minni breytileiki er í varmamagni en úrkomu milli ára, enda er sólin sýnu stöðugri í rásinni en regnmettaðar lægðirnar, sem þeytast um allar jarðir.

4.3 Vatnasvið og rennsliseinkenni

Nokkuð hefur verið ritað áður um vatnasvið og rennsliseinkenni Vestfjarðaáanna (Laufey Hannesdóttir 1973 og 1976, Kristinn Einarsson 1982, Hörður Svavarsson og Kristinn Einarsson 1982 og 1983). Verður stuðzt við þessar heimildir að nokkru leyti hér á eftir.

Í töflu 4 eru talin upp helztu vatnasvið sem hér eru til umfjöllunar og gefið flatarmál þeirra í km^2 eins og það mælist á Orkustofnunarkortum. Til yfirlits skal bent á sérstakt kort í kápuvasa og á myndir 4, 5, 6, 8, 9 og 11.

Vatnaskil voru dregin að nýju á Glámusvæðinu inn á kort Orkustofnunar, ýmist í upphaflegum mælikvarða 1:20.000 eða í smækkaðri mynd í mælikvarða 1:50.000. Álitamál komu einkum upp varðandi vatnasvið Stóra-Eyjavatns, enda eru þar margar hallalítlar lægðir. Einnig var mælt flatarmál milli hæðarlína á hverju vatnasviði um sig, þannig að ferlar fyrir vatnasviðshæð fengjust, og auðveldara yrði að meta, hvernig yfirfæra skyldi rennslí milli svæða.

4.3.1 Dynjandi, 'Fjallfoss', vhm 19

Vhm 19 Dynjandi, 'Fjallfoss', hefur verið í samfelldum rekstri frá því í apríl 1958. Frá og með árinu 1981 eru stór göt í rennslisskýrslum, einkum að vetrarlagi.

Vatnasvið er talið vera 37 km^2 í rennslisskýrslunum, og mun það vera mælt á herforingjaráðskortum í mælikvarða 1:100.000. Skv. flatarmálmælingu á kortum Orkustofnunar er vatnasviðið hins vegar $44,3\text{ km}^2$ (sjá mynd 5). Er það tæplega 20 % aukning vatnasviðs, sem þýðir að það hefur verið vanmetið um 16 %. Vatnasvið er að hálfu yfir og hálfu undir 535 m y.s., sem er þá meðalvatnasviðshæðin.

Nýr lykill var gerður fyrir rennslíð í ágúst 1988, og gildir hann frá og með árinu 1973. Meðalrennslí vatnsárin 1958/79 er skv. honum $3,09\text{ m}^3/\text{s}$, en fyrri lykill gaf $3,16\text{ m}^3/\text{s}$ rennslí. Aukningin á vatnasviði leiðir til þess, að meðalrennslí skv. nýjum rennslislykli gefur afrennslíð $70\text{ l/s}\cdot\text{km}^2$ (eða 2204 mm), í stað $84\text{ l/s}\cdot\text{km}^2$ (eða 2636 mm) skv. eldri flatarmálmælingunni. Fyrri rennslislykill ásamt fyrri vatnasviðsmælingu gaf $85\text{ l/s}\cdot\text{km}^2$. Að öllu samanlögðu hefur af-

<i>TAFLA 4: Vatnasvið mæld á Orkustofnuarkortum</i>		
Svæði:	Vatnasvið [km ²]	
	Hlutsvæði:*	Aðalsvæði:
VATNSFJARÐARVIRKJUN		39,8
Virkjað vatnasvið vhm 204	39,8	
Vhm 204 Vatnsdalsá		102
DYNJANDISVIRKJUN		37,4
Virkjað vatnasvið vhm 19	37,4	
- þar af Þverárveita	(7,79)	
- þar af vhm 104 Litla-Eyjavatn	(29,6)	
Vhm 19 "Fjallfoss"		44,3
Vhm 104 Litla-Eyjavatn		29,6
Vhm 135 Stóra-Eyjavatn		13,5
MJÓLKÁ II +		45,8
Virkjað vatnasvið vhm 173	19,7	
- þar af Tangavatnsmiðlun	(1,44)	
Virkjað vatnasvið vhm 135	13,5	
Hófsárveita meiri	12,7	
- þar af vatnasvið Hófsár	(9,25)	
- þar af frá vhm 18 utan vhm 173	(3,42)	
Vhm 18 Borgarhvilft, án Hófsárveitu minni		29,1
Hófsárveita minni	4,99	
Hófsárveita minni eftir Hófsárveitu meiri	1,98	
Vhm 173 Langavatn		19,7
SKÖTUFJARÐARVIRKJUN		30,8
Virkjað vatnasvið vhm 202 utan vhm 199	14,2	
Vhm 202 Skötufjarðará		86,5
Virkjað vatnasvið vhm 199	16,6	
Vhm 199 Hundsá		21,1
SKÚFNAVATNAVIRKJUN		66,5
Virkjað vatnasvið vhm 38	29,8	
Vhm 38 Þverá, Nauteyri		42,8
Hvannadalsárveita	14,5	
Austurmannagilsveita	22,2	
HVALÁRVIRKJUN		169
Virkjað vatnasvið vhm 198	138	
Vhm 198 Hvalá		180
Veita úr Eyvindarfjarðará og Rjúkandi	31,1	

* Tölur innan sviga eru hlutsvæði innan næsta svæðis á undan, sem tilgreint er án sviga.

rennslið minnkað um tæp 18 % frá fyrri áætlun.

4.3.2 Dynjandi, Litla-Eyjavatnsós, vhm 104

Vhm 104 Dynjandi, Litla-Eyjavatn var í samfelldum rekstri frá september 1968 til loka árs 1980. Upplýsingar um sumarrennsli eru fyrir hendi árin 1981/83. Vatnshæðarmælirinn er ekki í rekstri lengur.

Vatnasvið er talið vera 30 km² skv. eldri mælingum, og er það í samræmi við niðurstöðu mælinga á nýrri kortum, 29,6 km² (sjá mynd 5). Meðalvatnasviðshæð er 590 m y.s.

Meðalrennsli vatnsárin 1968/79 er 2,56 m³/s. Svarar það til 86 l/s·km² (2725 mm) afrennslis.

4.3.3 Dynjandi, Stóra-Eyjavatnsós, vhm 135

Vhm 135 Dynjandi, Stóra-Eyjavatnsós, var í samfelldum rekstri frá september 1966 til ársloka 1980. Sumarrennsli er þekkt að meira eða minna leyti árin 1981 til 1984. Vatnshæðarmælirinn var ekki í rekstri frá 1985, en hefur nú (í lok október 1988) verið endurreistur sem verkefnabundin stöð.

Vatnasvið er talið vera 15 km² skv. eldri mælingum, en flatarmálmæling á kortum í mælikvarða 1:20.000 gefur 13,5 km² (sjá myndir 5 og 7). Meðalvatnasviðshæð er 640 m y.s.

Meðalrennsli vatnsárin 1966/79 er 0,83 m³/s. Svarar það til 61 l/s·km² (1937 mm) afrennslis, en skv. eldri flatarmálmælingu var afrennslið áætlað 55 l/s·km² (1739 mm).

Laufey Hannesdóttir (1976) ræðir mögulegar ástæður þess, að afrennsli mælist minna við Stóra-Eyjavatn en við Litla-Eyjavatn, þrátt fyrir meiri hæð vatnasviðsins, en yfirleitt eykst úrkoma með aukinni hæð yfir sjó, þótt ekki sé það algilt (sjá dæmi um það síðarnefnda í skjóli hárra fjalla við Hvalvatn, Adda Bára Sigfúsdóttir 1987). Nefnir Laufey bæði skafrenning og mögulegan leka sem ástæður minna afrennslis, og skal einkum tekið undir fyrri tilgátu hennar hér. Mjög afgerandi brún er í landslagi í SV-NA læga stefnu um 1-2 km norðvestur af vatnaskilum milli Stóra-Eyjavatns og Litla-Eyjavatns/Mjólkár, í um 450-500 m y.s. suðvestan til og um 600-650 m y.s. norðaustan til. Þessi brík og aðrar litlu neðar hljóta að virka sem snjóagildirur. Hins vegar einkenndist vatnasvið Stóra-Eyjavatns, eins og fyrr segir, af hallalítlum lægðum sem ekki halda eins vel í snjó, hvort sem hann fellur sem úrkoma eða fýkur til með skafrenningi.

Nánar er fjallað um afrennslisfrávik Stóra-Eyjavatns í köflum um "afrennsli og hæð vatnasviða" og um "mismun rennslis við vhm 104 og 135" hér á eftir. Jafnframt eru þar leidd rök að þeirri skýringu, sem hér er talin nærtækust, þ.e. að aðallega sé um að ræða mismun í snjóalögum.

4.3.4 Mjólká, Mjólkárvið, vhm 18

Vhm 18 Mjólká nær til rennslis að Mjólkárviðun í heild ásamt framhjärennslis. Truflunarlitlar rennslisskýrslur ná til vatnsáranna 1966/73. Á árinu 1975 er óljós skipting vatns á milli Mjólkár I og Mjólkár II (vhm 173). Einnig var Hófsá veitt til Borgarhvilftar 25. október 1976, og bættust þar 4,99 km² við vatnasviðið.* Er óljóst um afrennsli hins upphaflega vatnasviðs upp frá því.

Flatarmál vatnasviðs vhm 18 er talið 30 km² skv. eldri mælingum. Ný flatarmálmæling gaf 29,1 km². Meðalvatnasviðshæð fyrir vhm 18 er 580 m y.s. Að viðbætti Hófsárveitu er vatnasviðið 34,1 km². Að frádregnu vatnasviði Mjólkár II (vhm 173, 19,7 km²) er núverandi eiginlegt vatnasvið Borgarhvilftar þá 14,4 km² (sjá mynd 7).

* Eftir að skýrsla þessi lá fyrir í handriti, kom það fram að Hófsárveita hafi verið stækkuð umfram það sem kemur fram í útboðsgögnum, með því að veita til hennar vatni að norðan, um það bil sem lækur sést "slitna í sundur" á korti af völdum snjóa. Jafnframt er ljóst að flutningsgeta pípunnar frá henni takmarkast við 700 l/s. (Björn Stefánsson, Almennu verkfræðistofunni, munnlegar upplýsingar).

Meðalrennsli vatnsáranna 1966/73 er 2,3 m³/s. Svarar það til 79 l/s·km² (2496 mm) afrennsli af hinu gamla, eiginlega vatnasviði vhm 18, sem er 29,1 km² eins og fyrr segir.

4.3.5 Mjólká, Langavatn, vhm 173

Vhm 173 Mjólká, Langavatn, nær til rennsli að virkjuninni Mjólká II. Rennslisskýrslur eru til um árin 1975/79, og teljast trúflunarlitlar fyrstu tvö árin, en frá árinu 1977 er þess getið, að upplýsingar um miðlun í Tangavatni skorti. Þar er miðlunarrými 1,325 Gl, en í Langavatni er það 2,99 Gl. Allt um það má áætla meðalrennslið með sæmilegri vissu.

Flatarmál vatnasviðsins er 19,7 km² (talið 20 km² í rennslisskýrslum), og er þar af vatnasvið Tangavatnsmiðlunar 1,44 km² (sjá mynd 7). Meðalvatnasviðshæð vhm 173 er 635 m y.s.

Meðalrennsli árána 1975/79 er 1,94 m³/s. Svarar það til 99 l/s·km² (3114 mm) afrennsli.

4.3.6 Skötufjarðará, vhm 202

